

um ólöglegan afla að ræða og hann gerður upptækur sbr. 2. gr. Sama gildir komi tegbátur að landi eftir lok tímabilsins, hafi afli að einhverju leyti fengist á tíma-bilinu.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vís-indalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftir-breyni öllum þem, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. apríl 1982.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

REGLUGERÐ

um breyting á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979.

1. gr.

Liður 6.10.4.3. orðist svo:

Um byggingaleyfisgjöld sumarhúsa gilda ákvæði 9.2.1. þessarar reglugerðar.

Liður 9.2.1. orðist svo:

Fyrir leyfi til að reisa hús eða annað mannvirki skal greiða fast gjald í sveitar-sjóð kr. 210,00, að auki skal fyrir nýbyggingar greiða allt að kr. 2,10 fyrir hvern teningsmetra af rúmmáli byggingarinnar. Botnplata skal ekki reiknuð með rúm-málinu sbr. IST 60.

Fyrir sumarhús sbr. 6.10.4.3. skal auk fasta gjaldsins sem er kr. 210,00 greiða allt að kr. 10,50 fyrir hvern teningsmetra hússins.

Fyrir orlofsheimili verkalyðsfélaga skal þó auk fastagjaldsins sem er kr. 210,00 greiða allt að kr. 2,10 fyrir hvern teningsmetra hússins.

Sveitarstjórn er heimilt að taka gjöld fyrir útteklar og vottorð sem byggingar-fulltrúi lætur í té samkvæmt 4. kafla, lið 4.11. þessarar reglugerðar. Ennfremur er sveitarstjórn heimilt að taka eftirlitsgjald af sumarbústöðum, enda sé um raunveru-legt eftirlit að ræða af hálfu sveitarstjórnar.

2. gr.

Liður 9.2.2. orðist svo:

Fyrir leyfi til að breyta húsi eða notkun þess, rífa hús eða önnur mannvirki, gera bifreiðastæði eða önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins sbr. 3.1.1. skal greiða í sveitarsjóð kr. 210,00.

3. gr.

Liður 9.2.3. orðist svo:

Ef byggingarfulltrúi er að óþörfu kvaddur til eftirlits skal greiða kr. 350,00 í sveitarsjóð.

4. gr.

Liður 9.2.4. orðist svo:

Leyfisgjöld verða ekki endurgreidd þótt leyfi falli úr gildi vegna þess að það hefur ekki verið notað innan eins árs, eða hefur verið fellt úr gildi. Verði leyfið endurnýjað óbreytt skal greiða fyrir það kr. 210,00.

5. gr.

Liður 9.2.5. orðist svo:

Gjöld skv. þessum kafla skulu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar er reglugerð þessi öðlast gildi og skulu breytast eftir henni. Ber í því efni að miða við meðalvísitölu ársins á undan.

6. gr.

Liður 9.2.6. orðist svo:

Byggingarfulltrúi innheimtir öll gjöld samkvæmt þessum kafla. Skulu leyfi eigi veitt fyrr en tilskilin gjöld hafa verið greidd. Öll gjöld skv. þessum kafla má innheimta með lögtaki.

Reglugerð þessi sem selt er samkvæmt VII. kafla byggingarlaga nr. 54/1978 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1982.

Svavar Gestsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um niðurfellingu framleiðsluforskrifta lyfja.

Frá og með 1. október 1982 er framleiðsla eftirtalinnna forskriftarlyfja og lyfja framleiddra skv. óstöðluðum forskriftum óheimil:

Capsulae indometacini 25 mg
Tablettae folicae 5 mg NORD
Tablettae natrii bicarbonatis 500 mg NORD
Tablettae prednisoloni 5 mg NORD
Tablettae theophyllamini 100 mg DAK

Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 31. mars 1983.

Auglýsing þessi er birt með stoð í reglugerð um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334/1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. apríl 1982.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.